Fundur 26.10.2026 Hermann Gunnarsson

Já komið þið nú blessuð og sæl.

Góða kvöldið. Velkominn.

Er ég öflugur hér í framlífi, og er það mér ævinlega ánægjuefni að tala við ykkur.

Þakka þér fyrir það.

Já vona ég að mér takist að halda hér vel áfram með það sem ég hef áður sagt, er hér miklu betra ástand á mér, heldur en síðast er ég við ykkur talaði og það er svo margt líkt með gömlu jörðinni á þessari framlífs jörð og er hér útvarp og sjónvarp og hef ég fengið að starfa við slíkt eins og áður og var ég mjög illa haldinn af áfengis löngun og,

Er þetta Hermann ?

Já,

Sæll og blessaður og velkominn.

Fór ég hér bæði í lífgeisla lækningar og einnig í annars konar meðferð við þeim sjúkdómi og náði mér að fullu og hef ekki bragðað dropa í um það bil ár og er því betur fær um að sinna mínum hugðarefnum og láta mína hæfileika njóta sín.

Hef ég verið í fjarsambandi við thailenskar vinkonur sem eru mér mjög kærar og búa þær á öðrum hnettil, ættingjar þeirra sem ég þekkti á jörðinni og tala þær hér á sambandsfundum og aðrir þeim tengdir á öðrum jörðum.

Á ég hér auðvelt með að hreyfa mig eins og þegar ég var ungur og fóru fyrstu árin mikið í fótboltann og hafði mjög gaman að því, en hef ég nú einnig fengist við önnur áhugamál eins og fjölmiðla, og eru hér svo öflugir fótboltamenn að þeir eru fremri en þeir voru á jörðinni á sínum tíma en náði ég einnig framförum og sigruðum nokkrum sinnum nokkrar keppnir.

Hefði nú verið gaman að segja frá því að bæði sveitafélögin, keppti fyrir sveitafélag eins og á jörðinni og keppti fyrir sýslur og stærri mót og svo löndin keppast.

Ég er enn þá í boltanum og vildi senda mínar bestu kveðjur til jarðarinnar til minnar fjölskyldu, afkomenda, ættingja og vina.

Hann sendir ykkur einnig góðar kveðjur minn gamli vinur Gylfi Ægisson, á hann víst einhverja hjá ykkur.

Jú jú ég er skyldur honum (Þ.Víkingur).

Já hann sendir ykkur öllum kveðjum og vill láta í sér heyra, öflugur maður og hann hjálpaði mér nú talsvert á sínum tíma, hann er glaðlyndur og segir að hann reyni að koma í sambandið við tækifæri.

Hef ég einnig farið að ganga á fjöll og njóta náttúrunnar hér, sérstaklega eftir að ég lagði flöskuna á hilluna, hef ég endurnýjað sjálfan mig og finn betur fyrir náttúrunni og hef áhuga á öðrum hlutum en ég hafði þá.

Skyldi nú aldrei þessa Nýalsstefnu, er hér annar kunningi minn sem sendir einnig kveðjur, hann hafði kynnt sér þetta þótt ekki hafði hann verið virkur í þessu hjá ykkur, fjölfróður maður Magnús Þór, Megas, sendir einnig kveðjur.

Þakka fyrir það.

Og Bergmann, Ómar Bergmann þeir þekktust víst, hann sendir kveðju, hann var í ykkar félagi segir hann.

Við biðjum að heilsa honum einnig.

Söngurinn gleður einnig og hef ég reynt að taka þátt í því svona að nokkru leiti, Gylfi hefur verið að vinna hér að söngleik og það stendur til að ég taki þátt í því.

Mér líst vel á það þú ert með ágætis rödd.

Þakka þér fyrir, þakka þér fyrir. Já og mér finnst hún betri hér í framlífi, eitthvað búið að skemma áfengið, röddina, en hún er betri hér og tærari og ég þakka kærlega fyrir hrósið.

Ég átti nú alltaf erfitt með að taka hrósi og var mér sagt hér í meðferðinni, áfengismeðferðinni að stór hluti af minni áfengis fíkn hafi verið að sjálfsmyndin hafi verið of mikið í molum, en ég þakka fyrir hrósið og hef lært hér í framlífi að draga ekki sjálfan mig niður og held í góða skapið.

Og bind vonir til þess að þáttur sá sem ég hef fengið að vera með hér gangi vel áfram.

Og hef reynt að fylgjast með dætrum mínum á jörðinni, stoltur og við erum hér með ýmis tæki sem auðvelda okkur að fylgjast með ykkur og sum okkar eru svo næm að draumar þeirra bíða þeirra í nokkurs konar faxtæki morguninn eftir.

Og hef ég ekki náð því stigi enn þá en keppist að því eins og öðru sem jákvætt er og mikilvægt að temja sér í tímans rás.

Ég fylgist með þeim og vil senda mínar bestu kveðjur hvet ég alla til að hafa trú á sjálfum sér og leyfa hverjum degi að hafa sína þjáningu, já ég verð nú að kveðja og þakka fyrir mig.

Góðar viðtökur verið þið blessuð og sæl.

Vertu blessaður frændi og þakka þér fyrir komuna.

Já þakka þér fyrir.